



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Táp og fjör og frískir menn

Upphaf skipulagðra íþróttá á Íslandi og samfélagsleg áhrif þeirra

Ritgerð til B.A.-prófs

Andri Már Hermannsson

Janúar 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Táp og fjör og frískir menn

*Upphaf skipulagðra íþróttá á Íslandi og samfélagsleg áhrif
þeirra.*

Ritgerð til B.A.-prófs

Andri Már Hermannsson

Kt.: 180976-3539

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðánarson

Janúar 2009

Efnisyfirlit

Ágrip	2
1. Inngangur.....	3
2. Tengsl búsetu og félagsstarfs.....	4
3. Fótboltaleikur eða sparkhnöttur	7
4. Ungmennafélögin koma til sögunnar	11
5. Grundtvig og hin norrænu áhrif	13
6. Starf í þágu lands og þjóðar.....	15
7. Gildi íþróttaiðkunar	17
8. Hvers vegna stofnuðu íþróttafélögin landssamtök?	18
9. Þáttur íþróttamanna í sjálfstæðisbaráttunni	20
10. Fyrirmyndir fortíðar	23
11. Lokaorð.....	27
Heimildaskrá	29

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um upphaf skipulagðrar íþróttastarfsemi á Íslandi. Nefndar eru til sögunnar mögulegar ástæður þess að íþróttirnar og félagsstarf almennt jókst frá 1850 til 1920. Þá er mat lagt á mikilvægi þeirra félaga sem stuðluðu að og hvöttu til íþróttaiðkunar í landinu. Auk þess er greint frá helstu íþróttagreinum sem farið var að stunda á þessum tíma.

Á fyrstu árum tuttugustu aldarinnar varð hér til fjöldahreyfing sem kenndi sig við æsku landsins, þ.e.a.s. ungmennafélögin. Íþróttaiðkun var einn þáttur sem áhersla var lögð á hjá þessum félögum en þau létu einnig til sín taka á fleiri sviðum þjóðfélagsins. Gerð er nánari grein fyrir nokkrum þeim málum sem þessi félagsskapur lét sig varða og fjallað um helstu frumkvöðla að baki honum. Er athyglinni sérstaklega beint að fyrsta félaginu af þessu tagi sem stofnað var á landinu. Til þess að öðlast betri skilning á starfsemi ungmennafélaganna er jafnframt vikið að þeim hugmyndum sem félagsskapurinn byggði á og hvert þær eiga rætur sínar að rekja.

Ísland varð fullvalda ríki árið 1918 sem kunnugt er en segja má að frelsisbarátta þjóðarinnar hafi verið efst á baugi í þjóðlífinu allt frá miðri nítjándu öld. Þessi umræða snerti íþróttamenn í landinu líkt og aðra og er komið inn á það með hvaða hætti þeir létu til sín taka í þeim efnum. Loks er litið til þess hvernig menn tengdu ástundun íþróttanna við árangur í sjálfstæðismálinu en gjarnan var litið til fornsagnanna í því samhengi.

1. Inngangur

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum 150 árum eða þar um bil. Þjóðin, sem bjó við kröpp kjör í harðbýlu landi svo öldum skipti, breyttist á þessu tímabili úr fátæku bændasamfélagi í eina af ríkari og þróaðri þjóðum heims auk þess sem hún öðlaðist sjálfstæði.

Þessar samfélagslegu breytingar birtust með ýmsum hætti. Þar á meðal var þróun byggðar í landinu en ýmsir utanaðkomandi þættir höfðu áhrif á þá þróun. Samtímis fór félagsstarf af ýmsu tagi að ryðja sér til rúms hér á landi og er áhugavert að kanna hvort bein tengsl eru sjáanleg þarna á milli.

Einn angi þessa voru þau félög sem höfðu ástundun íþrótta að markmiði en umtalsverð vakning varð á íþróttaiðkun Íslendinga eftir miðja nítjándu öld. Segja má að þessi félög sem stunduðu íþróttir skiptist í tvennt, annars vegar hin eiginlegu íþróttafélög og hins vegar ungmennafélögin. Starfsemi þessara fylkinga var þó um flest harla ólík en liðsmenn ungmennafélaganna létu til sín taka á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Forvitnilegt er að skoða helstu markmið og hugmyndir að baki ungmennafélagshreyfingunni og bera saman við það sem fram fór hjá íþróttafélögunum.

Verður fjallað um þrjú félög til þess að varpa skýrara ljósi á þennan mismun, tvö íþróttafélög og eitt ungmennafélag. Það sem helst ræður valinu á félögunum er að tiltölulega skammur tími leið frá stofnun þess fyrsta þar til hið yngsta af þeim þremur var stofnað eða tólf ár og má því ætla að þjóðfélagslegar aðstæður hafi haldist svipaðar á tímabilinu. Ógjörningur er þó að fullyrða neitt í þeim efnum.

Það ungmennafélag sem rætt verður um var það fyrsta sem stofnað var hér á landi og ræður sú staðreynd valinu á því. Ungmennahreyfingin lét til sín taka á ýmsum sviðum þjóðfélagsins strax frá stofnun fyrsta félagsins og var að því leyti töluvert umsvifameiri en íþróttafélögin. Þeir sem stóðu að baki fyrstu ungmennafélögunum voru miklir eldhugar að því er virðist og sem slíkir óhræddir við að leggja orð í belg um málefni sem hæst báru hjá þjóðinni hverju sinni. Á meðal þess sem ungmennafélögin höfðu að markmiði var að hvetja ungt fólk í landinu til dáða með ýmsum hætti. Þannig var töluvert lagt upp úr fræðslu almennings auk þess sem störf í þágu náttúru landsins voru ofarlega á baugi.

Í samburði við ungmennahreyfinguna var starfsemi íþróttafélaganna töluvert lágstemmdari. Bakgrunnur íþróttafélaganna var jafn ólíkur eins og félögin voru mörg og hugmyndir um tilgang þeirra misjafnar. Af þeim sökum er vart hægt að tala um íþróttafélögin sem hreyfingu fyrr en þau mynduðu samtök sem áttu að stuðla að ýmis konar umbótum hjá

íþróttahreyfingunni sjálfri. Vissulega létu forkólfar íþróttahreyfingarinnar í sér heyra og hvöttu fólk til að leggja stund á hvers kyns íþróttir. Talsvert var skrifað um gildi íþróttar og gengu sumir svo langt að setja beinlínis jafnaðarmerki á milli öflugra íþróttalífs og sjálfstæðis þjóðarinnar. Hér verður litið nánar á þessi skrif og mat lagt á þau rök sem höfundar færa fyrir þessum staðhæfingum.

Hugsanlegt sjálfstæði Íslands frá Danmörku var ofarlega í huga flestra Íslendinga á því tímabili sem hér um ræðir og íþróttamenn voru þar engin undantekning. Ólympíuleikarnir sem höfðu verið endurvaktir skömmu fyrir lok nítjándu aldarinnar urðu flestum að óvörum sá vettvangur sem íþróttamenn létu einna mest til sín taka í sjálfstæðisbaráttunni og verður nánar fjallað um þá atburðarás hér á eftir.

Tímabilið sem efni ritgerðarinnar nær yfir er nokkuð langt eða frá miðjum sjötta áratug nítjándu aldar og allt fram til ársins 1918. Nefna má tvær megin ástæður fyrir þessu. Fyrstu heimildir um skipulagt íþróttastarf hér á landi, sem fundust við efnisöflun verkefnisins, eru frá miðbiki nítjándu aldar þegar greint er frá komu íþróttakennara til landsins og því ber að hefja umfjöllunina þar. Á hinn bóginn er greint frá því með hvaða hætti þátttaka íþróttamanna í keppni erlendis blandast í sjálfstæðisbaráttuna sem segja má að hafi lokið að mestu þegar landið varð fullvalda ríki árið 1918.

Talsvert hefur verið skrifað um flesta þá efnisþætti sem hér koma við sögu. Því var af nægu að taka við heimildaöflun. Að nokkru er notast við samtímaheimildir í formi blaða- og tímaritsgreina. Bakhjarlar tímarita á borð við *Ísafold* og *Eimreiðina* voru talsmenn íþróttanna og birtu töluvert af íþróttatengdu efni. Sérstaklega hafði Björn Jónsson útgefandi *Ísafoldar* sterk tengsl við íþróttahreyfinguna. Af öðrum heimildum mætti nefna ýmis konar rit sem gefin hafa verið út í tengslum við bæði íþróttar- og ungmennafélögin og landssamtök beggja hreyfinga. Þá eru ónefnd uppflettirit sem efnið varða sem og æviþættir ýmissa sem koma við sögu í þessari umfjöllun.

2. Tengsl búsetu og félagsstarfs

Á síðari hluta nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu urðu hér umtalsverðar breytingar á þjóðlífinu. Á umræddu tímabili má segja að viss vakning hafi orðið í félagsstarfi á Íslandi og margvísleg félög voru stofnuð. Má þar sem dæmi nefna bindindisfélög, búnaðarfélög auk lestrarfélaga sem náðu talsverðri útbreiðslu á Íslandi, sérstaklega um og eftir aldamótin 1900. Samkvæmt heimildum voru meira en eitt hundrað slík félög starfandi á Íslandi árið 1904.¹

¹ Guðmundur Finnbogason, *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga*, bls. 33-35.

Ekki er hægt að minnst á félagsstarfsemi á þessu skeiði án þess að nefna íþróttafélögin til sögunnar en þó nokkur fjöldi félaga af því tagi varð til á þessum tíma eftir því sem áhugi landans á íþróttum jókst. Talsverð vakning varð á gildi hreyfingar og líkamsræktar hvers konar eftir miða nítjándu öld og sú þróun ól af sér íþróttafélög. Má þar sem dæmi nefna glímu-, sund-, fimleika- og knattspyrnufélög. Sérstaklega fjölgaði þeim félögum sem kenndu sig við knattspyrnuna á fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar en nokkur þeirra starfa enn þann dag í dag við góðan orðstír.

En það voru ekki aðeins íþróttafélögin sem ruddu sér til rúms á þessum tíma. Árið 1906 varð til fyrsti vísirinn að annars konar fjöldahreyfingu sem hafði ástundun íþróttanna einnig að leiðarljósi. Ungmennafélögin, eins og félagsskapurinn var kallaður, urðu fljótlega eftir stofnun fyrsta félagsins áberandi í íslensku þjóðlífi og létu til sín taka á ýmsum vettvangi, þar á meðal á íþróttasviðinu.

Sú félagslega þróun sem hefur verið lýst hér að ofan hefði varla komið til ef ekki hefðu orðið viss straumhvörf í byggðapróun á Íslandi. Hér fóru að myndast fleiri og stærri þéttbýliskjarnar eftir því sem á nítjándu öldina leið og sífellt fleiri yfirgáfu sveitir landsins og settust að á „mölinni“. Má í raun segja að sú atburðarás hafi haldið áfram alla tuttugustu öldina. Til þess að sýna hana með skýrari hætti er ágætt að skoða þróunina í tölulegu samhengi.

Fólksfjöldi á Íslandi virðist hafa haldist nokkuð svipaður lengst af á miðöldum. Elsta manntal sem vitað er til að hafi verið tekið hérlendis var framkvæmt af þeim Árna Magnússyni og Páli Vídalín árið 1703, en samkvæmt því voru Íslendingar það ár rétt um 50.000 talsins. Ýmsar hörmungar dundu á íslensku þjóðinni á átjándu öldinni s.s. plágur og náttúruhamfarir og því hafði landsmönnum fækkað lítillega tæpri öld síðar en árið 1801 munu Íslendingar hafa verið alls 47.240. Umtalsverð fjölgun er hins vegar merkjanleg á næstu hundrað árum og árið 1901 var fjöldi Íslendinga kominn í 78.470.²

Önnur breyting sem varð á síðastnefnda tímabilinu er þó öllu athyglisverðari en það er sú mikla aukning sem varð á íbúafjölda í þéttbýli. Þessi þróun var sérstaklega áberandi undir lok nítjándu aldar. Þannig bjuggu árið 1890 alls 8.354 Íslendingar í þéttbýliskjörnum með fleiri en 200 íbúa. Árið 1901 voru íbúar í þéttbýli orðnir 15.507 og hafði því fjölgað um tæplega helming á ellefu árum. Aftur varð nær helmingsfjölgun frá 1901 til 1910 en í lok þessa tímabils voru þeir sem bjuggu í þéttbýli með fleiri en 200 íbúum orðnir 27.843.³

² *Mannfjöldi, mannaflí og tekjur*, bls. 9.

³ *Hagskinna*, bls. 90

Reykjavík skar sig fljótlega úr öðrum byggðarlögum hvað íbúafjölda snerti er líða tók á nítjándu öldina. Þar bjuggu í upphafi tuttugustu aldar ríflega sex þúsund manns eða tæplega helmingi fleiri en samtals í þremur stærstu þéttbýliskjörnunum fyrir utan höfuðstaðinn. Þannig voru Akureyringar alls um 1300 talsins árið 1901 og á Seyðisfirði og í Ísafjarðarkaupstað bjuggu sama ár rétt tæplega 1200 manns í hvorum bæ.⁴

Ef lítið er á byggðakjarna á landinu má sjá að á alls ellefu stöðum voru íbúar 200 eða fleiri árið 1890 og þar bjuggu 11,8 prósent landsmanna. Árið 1901 hafði þessum þéttbýliskjörnum fjölgað í átján og þar bjuggu tæplega tuttugu af hundraði landsmanna. Fólk hélt áfram að streyma í þéttbýlið á fyrsta áratug 20. aldar og í lok hans bjó þriðjungur landsmanna í þéttbýliskjörnum með 200 íbúa eða fleiri.⁵

Lítill breyting varð á fjölda þorpa með íbúafjölda á bilinu 50-199. Á tímabilinu frá 1890 til 1910 bjuggu u.þ.b. tvö prósent landsmanna í byggðalögum af þessari stærðargráðu.⁶ Þó svo að ekki sé hægt að sjá mikla breytingu á íbúafjölda í dreifbýli á sama tímabili er staðreyndin engu að síður sú að hlutfallslega fækkaði íbúum til sveita um rúmlega tuttugu prósent á jafnmörgum árum. Þetta kemur til af því að á meðan heildarfjöldi íbúa til sveita stóð í stað var þéttbýli á landinu að þenjast út.⁷

Einn af fylgifyiskum þéttbýlisins var sem fyrr segir félagsstarf af ýmsu tagi. Má segja að sú þróun hafi snert alla hópa samfélagsins, ekki síst börn og unglinga. Í bændasamfélaginu gafst börnum sjaldan tækifæri til þess að umgangast börn af öðrum bæjum nema þá helst þar sem tiltölulega stutt var á milli. Og jafnvel þá gat slíkt verið erfðleikum bundið sökum veðurs, færðar og annarra utanaðkomandi þátta. Þessar aðstæður gjörbreyttust með tilkomu þéttbýlisins. Hópar barna sameinuðust í leik og urðu þannig kveikjan að ýmsum þeim félögum sem urðu til þegar tuttugasta öldin gekk í garð og leysti þá nítjándu af hólmi.

Börn og unglingar áttu þó engan hlut að máli þegar fyrsta íþróttafélagið sem heimildir geta um var stofnað á Íslandi. Félagið hét Reykjavígr Skytteforening og var sett á laggir um mitt ár 1867⁸ en stofnendurnir voru flestir af dönsku bergi brotnir. Þá má reyndar velta vöngum yfir því hvort um eiginlegt íþróttafélag hafi verið að ræða í seinni tíma skilningi þess orðs. Líklega væri nær lagi að segja að félagið hafi verið einhvers konar klúbbur fyrir heldri borgara þjóðfélagsins þar sem þeir komu saman og stunduðu æfingar í skotfimi. Félagið starfaði í rúmlega tuttugu ár en var þá lagt niður. Það var hins vegar endurvakið af

⁴ *Hagskinna*, bls. 93-94

⁵ *Hagskinna*, bls. 90

⁶ *Hagskinna*, bls. 90

⁷ *Hagskinna*, bls. 90

⁸ Þorsteinn Einarsson, *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga*, bls. 2.10

Íslendingum þegar nokkuð var liðið á tuttugustu öldina undir nafninu Skotfélag Reykjavíkur en það félag mun starfa enn.⁹

Hversu mikil áhrif hin dönsku fyrirmenni hafa haft á íslenska íþróttáhugamenn skal ósagt látið en þó er ljóst að á næstu árum fór íþróttaiðkun vaxandi í Reykjavík. Heimildir geta þess að í byrjun áttunda áratugar aldarinnar hafi hér meðal annars verið stundaðar íþróttagreinar eins og glíma, sund, skíðaíþróttir, skautahlaup og siglingar. Þannig greinir ársritið *Fréttir frá Íslandi* árið 1873 frá því að „landsmenn leggi nú orðið meiri rækt við þær [íþróttir] en opt að undanfögnu, og hafa þeir á sumum stöðum myndað fjelög til þess að auka þær og efla.“¹⁰ Þessu til staðfestingar má nefna að hér voru stofnuð glímu-, skauta- og sundfélög um svipað leyti svo áhuginn virðist hafa verið nokkuð almennur. Þetta félagsstarf virðist þó hafa verið nokkuð stopult en flest eru félögin lögð af á einhverjum tímamarki og endurvakin síðar.¹¹

Íþróttakennsla í skólum landsins mun eiga upptök sín nokkrum árum fyrr, eða árið 1857, er danskur liðþjálfari, Steenberg að nafni, hóf fimleikakennslu í Lærða skólanum¹² en hann starfaði jafnframt við löggæslu í Reykjavík.¹³ Þá mun einnig hafa farið fram kennsla í fimleikum og fleiri greinum við Barnaskóla Reykjavíkur frá upphafi, samkvæmt reglugerð skólans sem kom út stuttu eftir stofnun hans í október 1862.¹⁴

3. Fótboldaleikur eða sparkhnöttur

Ef litið er til þeirra íþróttafélaga sem urðu til um og eftir aldamótin 1900, var gjarnan um að ræða strákahópa sem bundust félagi til þess að geta fest kaup á knetti til knattspyrnuíðkunar. Má þar sem dæmi nefna Fótboldafélag Reykjavíkur (síðar Knattspyrnufélag Reykjavíkur, K.R.) sem stofnað var árið 1899.

Þorsteinn Jónsson, sem var einn af stofnendum Fótboldafélagsins og jafnframt fyrsti formaður þess, segir að þeir sem stofnuðu félagið hafi aðeins haft það eitt í huga með stofnuninni að eignast einn til tvo fótbolta til þess að sparka yfir sumarið á Melunum þar sem þeir höfðu fylgst með erlendum sjóliðum stunda þessa íþrótt á því svæði.¹⁵

Þorsteinn kynntist þessum nýstárlega leik nokkrum árum fyrr hjá skoskum prentara, James B. Ferguson að nafni, sem hingað kom um miðjan tíunda áratug nítjándu aldar til að

⁹ Þorsteinn Einarsson, *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga*, bls. 2.10

¹⁰ „Menntun.“ *Fréttir frá Íslandi* 2:1 (1873), bls. 32.

¹¹ Þorsteinn Einarsson, *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga*, bls. 2.10

¹² Gils Guðmundsson, *Íþróttasamband Íslands*, bls. 11.

¹³ *Þjóðólfur* 9:32-33 (1857), bls. 130.

¹⁴ Ingimar Jónsson, *Ágrip af sögu íþróttar*, bls. 41.

¹⁵ Þorsteinn Jónsson, „Fyrir 40 árum.“ bls. 4

starfa við Ísafoldarprentsmiðjuna en tengsl prentsmiðjunnar við íslenskt íþróttalíf voru allnokkur um og eftir aldamótin 1900.

Ferguson þessi var mikill íþróttáhugamaður og mun hafa látið til sín taka í þeim málum fljótlega eftir komuna hingað. Erlendur Pétursson, sem var lengi formaður K.R. og gegndi mörgum mikilvægum störfum fyrir félagið, telur hin skosku áhrif hafa skipt miklu máli til þess að efla íþróttáhuga landans: „Þegar hingað kom, safnaði hann [Ferguson] þegar um sig ungum mönnum og tók að kenna þeim fimleika, knattspyrnu, hlaup og fleiri íþróttir, og má ótvírætt telja hann brautryðjanda íþróttahreyfingarinnar hér á landi.“¹⁶

Hinn skoski Ferguson nefndi hóp sinn Reykjavík's Gymnastic Club og meðal þátttakenda telur Erlendur meðal annars upp bræðurna Svein forseta og Ólaf Björnssyni Jónssonar, eiganda Ísafoldarprentsmiðju, Vilhjálmm Finsen ritstjóra og Pétur Jónsson söngvara. Í hópinn hafi síðan bæst Ólafur Rósinkranz leikfímikennari, nokkrir piltar úr latínuskólanum og tveir landar Fergusons.¹⁷

Þessi skoski áhrifavaldur hvarf aftur til síns heima árið 1896 eftir ársdvöl hér á landi. Ekki var allur þróttur úr íslenskum knattspyrnuáhugamönnum þótt leiðtogi væri á braut. Sá áhugi sem hann kveikti á íþróttum, ekki síst knattspyrnunni, virðist strax skjóta rótum hér og til marks um það var keppt í fótbolta á þjóðhátíðinni árið 1898 ef marka má auglýsingu í tímaritinu *Ísafold* þar sem þeir „sem taka vilja þátt í kapphlaupum, fótbolta og leikfimi, eru beðnir að gefa sig fram sem fyrst við verzlunarmann Jes Zimsen.“¹⁸ Undir þetta skrifar Kapphlaupa- og leikfimisnefndin. Þar með virðist knattspyrna orðin fastur liður í þjóðhátíðarskemmtun bæjarbúa því árið eftir er hún aftur auglýst í blaðinu og þá einnig í tímaritinu *Þjóðólfi*.

Sá logi sem Ferguson hafði kveikt gerði sig því ekki líklegan til að deyja út heldur magnaðist ef eitthvað var þó svo að hann lýsti enn sem komið var ekki langt út fyrir þann hóp sem leikinn stundaði. Ólafur Rósinkranz leysti Ferguson af hólmi og hélt æfingunum áfram eftir að Skotinn hvarf af landi brott.

Það var þó ekki fyrr en þremur árum síðar, árið 1899, sem nokkrir úr þessum hóp tóku sig til og stofnuðu Fótboltafélag Reykjavíkur eins og áður er getið. Starfsemi Fótboltafélagsins mun þó hafa verið heldur fábrotin fyrstu árin sem félagið starfaði. Sökum þess að það var eina knattspyrnufélag landsins gáfust sjaldan tækifæri til opinberra leikja. Helst munu félagsmenn hafa leikið gegn skipshöfnum erlendra skipa sem höfðu viðdvöl á

¹⁶ Erlendur Pétursson, „Knattspyrnusaga.“ bls. 7.

¹⁷ Erlendur Pétursson, „Knattspyrnusaga.“ bls. 7.

¹⁸ „Kapphlaup og leikfimi“ *Ísafold*. 25:48 (1898), bls. 192.

landinu. Menn virðast því mest hafa æft sér til gamans fyrsta áratuginn eða svo. Íþróttin sem gekk í daglegu tali undir nafninu fótoltaleikur eða sparkhnöttur hélt þó sínum sessi á þjóðhátíðarskemmtunum í Reykjavík ár hvert og er lýst á eftirfarandi hátt í *Ísafold* árið 1903:

Sá leikur er enn lítt þektur hér á landi en þyrfti að verða almennur. Leika hann tveir hópar, 11 manns í hvorum, á ferhyrnu svæði; eru hlið á báðum endum svæðisins og reynir hvor flokkur um sig að koma (sparka) hnettinum gegnum hliðið, sem er að baki hins flokksins og hann á að verja; að koma knettinum í gegnum hliðið er vinningur. Hnettinum er að eins sparkað en hvorki kastað né sleginn. [...] Leikur þessi gerir leikendur þolna og kennir þeim áræði og snarræði; verður einnig mesta list, ef vel er leikinn, en til þess þarf mjög langa æfingu og tamningu, og eigi sízt miklu betri leikvöll, en hér er vól á.¹⁹

Nokkuð virðist hafa dregið úr áhuga Fótoltafélagsmanna er leið frá stofnun félagsins og má líklega rekja það til þess að önnur knattspyrnufélög voru ekki til staðar og að sjaldan gafst færi á að leika opinbera leiki. Þá voru þeir sem stofnuðu félagið að komast af unglingsaldri og líklegt að einhverjir þeirra hafi haldið utan til náms.

Auðvelt er að gera sér í hugarlund að smám saman hafi dregið úr starfsemi félagsins eftir því sem þeim fækkaði sem sóttu æfingar. Hefur áhugi og tími félagsmanna beinst í aðrar áttir á kostnað íþróttanna. Félagið var þó ekki lagt niður en hins vegar þótti ástæða til að halda vakningarfund á miðju sumri árið 1910. Að mati Erlends Péturssonar mun „þá fyrst [hafa] komist fast skipulag á félagsskapinn, því að þá er fyrst farið að bóka fundargerðir og þá er kosin regluleg stjórn. [...] Var þá og fyrst ákveðið hvernig lið skyldi æfa, að menn væru ávalt í sama liði og hefði hver sitt hlutverk.“²⁰

Erlendur getur þess einnig að á þeim tíma er vakningin átti sér stað hjá Fótoltafélaginu hafi fleiri félög verið komin til sögunnar og því hafi áhugi og líf glæðst aftur í knattspyrnunni. Knattspyrnufélögin Fram og Víkingur voru stofnuð tveimur árum fyrr, árið 1908, en bæði þessi félög hafa sem kunnugt er verið í hópi stærstu félaga landsins nær allar götur síðan sem og Knattspyrnufélagið Valur sem var stofnað árið 1911.

Ólafur Rósenkranz sem áður er getið mun hafa verið töluverður áhrifavaldur í tengslum við stofnun Vals. Þannig greinir Guðbjörn Guðmundsson, einn stofnenda félagsins, frá því hvernig kunnátta hans og Ólafs skipti sköpum fyrir tilurð félagsins:

Um það leyti, sem áhugi fyrir knattspyrnu var að vakna meðal unglunga í Reykjavík og þar með drengja í K.F.U.M., var Ólafur Rósenkranz, leikfímiskennari í Mentaskólanum, en vann jafnframt á skrifstofu Ísafoldarprentsmiðju. Eitt sinn bar það við, að við Ólafur vorum að taka til í herbergi einu í prentsmiðjunni, en í þessu herbergi var þá geymt skrifborð Jóns

¹⁹ „Þjóðhátíð Rvíkur 2. ágúst.“ *Ísafold*. 30:50 (1903), bls. 197.

²⁰ Erlendur Pétursson, „Knattspyrnusaga.“ bls. 8.

Sigurðssonar forseta. Þegar við vorum að laga til í kringum borðið og undir því, kom alt í einu fótknöttur veltandi undan borðinu. Átti Ólafur knöttinn, og var hann að vísu allslitinn, en þó sæmilegur.²¹

Guðbjörn falaðist eftir knettinum og seldi Ólafur honum hann á tvær krónur. Samkvæmt Guðbirni var þetta fyrsti knötturinn sem knattspyrnuáhugamenn í K.F.U.M. notuðu til að iðka íþróttina „og er þangað að rekja vísinn til þess, að Valur varð til.“²² Guðbjörn stofnaði Val ásamt fimm öðrum 11. maí árið 1911. Á framhaldsfundi 28. maí gengu svo fimm menn til viðbótar til liðs við félagið.²³

Það háði starfsemi Vals og annarra íþróttafélaga í upphafi að ekki var um auðugan garð að gresja í bókstaflegri merkingu þegar kom að vallaraðstöðu í Reykjavík. Því var æft á öllum nothæfum svæðum og „[e]r mjög til þess tekið, hve áhugasamir þeir voru þrátt fyrir hina örðugustu aðstöðu.“²⁴ Dæmi um þau svæði sem æft var á er Kóngsmelur uppi á Öskjuhlíð, meðfram Rauðarárlæk, suður í Fífuhvammum „og yfirleitt alls staðar þar, sem viðlit var að spyrna knetti eftir settum reglum.“²⁵

Valur hafði frá upphafi vissa sérstöðu umfram önnur íþróttafélög þessa tíma sem fólst í tengslum félagsins við K.F.U.M. Leiðtogi hreyfingarinnar, séra Friðrik Friðriksson, hafði góðar gætur á félagsmönnum og var þeim innan handar um ýmis mál. Þannig má sem dæmi nefna að hann kom hinum ungu liðsmönnum sínum til aðstoðar í vallarmálum og gekk á fund þáverandi bæjarstjóra í Reykjavík, Páls Einarssonar, og falaðist eftir æfingavelli fyrir þeirra hönd. Úr varð að Valsmenn fengu úthlutað svæði vestur á Melum til æfinga þó ekki yrði það til frambúðar.

Séra Friðrik mun jafnframt fljótlega hafa tekið að sér að stjórna æfingum hjá félaginu, þegar hann hafði tíma til, þar sem hann mun hafa verið fljótur að koma auga á uppeldisgildi íþróttarinnar ef rétt væri á haldið.²⁶ Af þessu má ráða að hin kristilegu gildi hafi verið höfð í hávegum í Val vegna áhrifa æskulýðsforingjans. Það er því ekki að undra að enn í dag skuli stundum vera vísað til Valsmanna sem drengja séra Friðriks.

²¹ Sigurður Skúlason, „Þættir úr sögu Vals.“ bls. 9.

²² Sigurður Skúlason, „Þættir úr sögu Vals.“ bls. 9.

²³ Sigurður Skúlason, „Þættir úr sögu Vals.“ bls. 9.

²⁴ Sigurður Skúlason, „Þættir úr sögu Vals.“ bls. 10

²⁵ Sigurður Skúlason, „Þættir úr sögu Vals.“ bls. 10

²⁶ „Valur 30 ára 1911-1941.“ *Valsblaðið. Félagsblað Knattspyrnufélagsins Valur*. Afmælisútgáfa. 3:4 (1941), bls. 2-11.

Ef áhrif séra Friðriks eru undanskilin virðist starfsemi Vals hafa verið nokkuð svipuð og hjá flestum öðrum íþróttafélögum í upphafi. En hvernig skildi starfseminni hafa verið háttað hjá ungmennafélögunum? Verður nú vikið nánar að þeim.

4. Ungmennafélögin koma til sögunnar

Eins og áður segir voru það ekki einungis íþróttafélögin sem stunduðu íþróttir í byrjun tuttugustu aldar. Á þessum tíma var önnur öflug fjöldahreyfing að fæðast sem einnig lét til sín taka á íþróttasviðinu, þetta voru ungmennafélögin. Fyrsta félagið af þessu tagi á Íslandi, Ungmennafélag Akureyrar (U.M.F.A.), var stofnað á Akureyri í byrjun ársins 1906. Í grein sem birtist í tímaritinu *Norðurlandi* í marsmánuði sama ár er sagt frá stofnun félagsins. Höfundurinn, Þorsteinn Jónsson, tilgreinir lög og stefnu þess og segir jafnframt frá því að fundir hafi verið haldnir á hverjum sunnudagsmorgni frá stofnun. Auk þess hafi félagsmenn staðið fyrir fyrirlestrum um hin ýmsu mál sem hafi jafnan fengið góða aðsókn frá íbúum bæjarins og jafnan verið húsfullir á þeim. Þorsteinn segir tilgang skrifanna að kanna „hvort menn út um landið kynnu að vilja stofna lík félög, sem stæðu í sambandi hvort við annað, og hefðu öll sömu lög.“²⁷ Hann telur samtakamátt slíkra félaga mikinn eins og sjáist best þegar litið er til þess hversu mikil áhrif æskulýðsfélög í Noregi hafi haft varðandi það að efla samstöðu Norðmanna þegar þeir slitu sambandinu við Svía.²⁸

Jóhannes Jósefsson, einn frumkvöðla ungmennafélaganna, hafði verið við verslunarnám í Noregi veturlangt og gekk þar til liðs við norsku ungmennahreyfinguna þar sem hann komst í kynni við þær hugmyndir sem hann lagði síðan til grundvallar starfseminni hér á landi. Annar stofnfélagi, Þórhallur Björnsson, stundaði nám við lýðskólann í Askov í Danmörku og kynntist þar sambærilegri starfsemi.

Jóhannes segir í endurminningum sínum að þeim sem stóðu að stofnun U.M.F.A. hafi fundist „tímabært...að íslenzk æska bæri sig að láta eitthvað að sér kveða í lokabaráttunni fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.“²⁹ Þannig mætti ætla að hér væri um pólitíska hreyfingu að ræða. Svo var þó ekki, a.m.k. ekki á yfirborðinu, en undir niðri höfðu félagsmenn sterkar skoðanir á landsmálunum eins og orð Jóhannesar bera með sér. Í lögum félagsins mun hafa verið ákvæði þess efnis að stjórnsmál skyldu ekki rædd á fundum þess.³⁰ Þeir félagar Jóhannes og Þórhallur voru ekki samstíga á vettvangi stjórnsmála og kann það að hafa haft áhrif. Jóhannes tók

²⁷ Þorsteinn Jónsson, „Ungmennafélag Akureyrar.“ *Norðurland* 5:28 (1906), bls. 112.

²⁸ Þorsteinn Jónsson, „Ungmennafélag Akureyrar.“ *Norðurland* 5:28 (1906), bls. 112.

²⁹ Jóhannes Jósefsson, *Jóhannes á Borg*, bls. 89.

³⁰ Jóhannes Jósefsson, *Jóhannes á Borg*, bls. 91.

afstöðu með Sjálfstæðisflokknum gamla í sjálfstæðismálinu en Þórhallur var á hinn bóginn fylgjandi heimastjórnarmönnum. Meginmunurinn á stefnum þessara fylkinga var sá að fylgismenn Sjálfstæðisflokksins vildu að Ísland sliti sig frá dönsku krúnunni sem allra fyrst en heimastjórnarmenn vildu fara sér hæggar í þessum málum.

Líklegt má telja að þeir félagar hafi ekki viljað hætta á að sundrung myndaðist innan ungmennahreyfingarinnar og því ákveðið að koma í veg fyrir pólitískar umræður. Allir ættu frekar að róa á sömu mið og mynda heilsteypa fylkingu. Því hafi þeir ákveðið að ræða ekki pólitík.

Ungmennafélögin voru frá upphafi talsvert frábrugðin íþróttafélagunum að því leyti að starfsemin innan þeirra var margvíslegri en hjá þeim síðarnefndu. Þessi fjölbreytni í starfi ungmennafélaganna gerði það að verkum að þau náðu til fleiri hópa samfélagsins en íþróttafélögin. Strax var mikil áhersla lögð á almenningsfræðslu, t.a.m. voru fyrirlestrar fluttir um margvísleg efni á fundum félaganna.

Hin þjóðlegu gildi sem höfð voru í hávegum endurspeglast t.d. í nöfnum félaganna. Sem dæmi má nefna Skarphéðinn, Ingólf og Óðinn. Sum nöfnin vísuðu til náttúru landsins, t.d. Baula og Hekla. Þá kemur áðurnefnd þjóðernishyggja fram í sumum af þessum nafngiftum. Þannig urðu til ungmennafélög með nöfn á borð við Íslendingur, Framsókn, Drífandi og þannig mætti áfram telja.³¹

Talsverð áhersla var lögð á áfengisbindindi hjá ungmennahreyfingunni fyrstu starfsár hreyfingarinnar. Þannig segir í fyrstu lögum U.M.F.A. að þeir geti einir orðið félagar sem séu bindindismenn.³² Guðmundur Davíðsson fjallaði um ungmennafélögin á Íslandi í stuttu kveri sem kom út árið 1915 og segir ungmennafélögin byggð á grunni bindindishreyfingarinnar þar sem „[g]agnslítið hefði verið að stofna Ungmennafélögin, ef Góðtemplarareglan hefði ekki starfað á undan og verið búin að breyta að mun hugsunarhætti þjóðarinnar[.]“³³ Máli sínu til stuðnings bendir hann á að stofnendur fyrsta ungmennafélagsins hafi verið góðtemplarar og ungmennafélögin því afleiðing af þeirra starfi. Einnig má geta þess að fyrsti fundur U.M.F.A. var skipulagður í húsi góðtemplara á Akureyri, á nýársdag 1906. Talsverður styr stóð um þetta lagaákvæði allt þar til það var aflagt hjá U.M.F.Í. árið 1933.³⁴

Mörgum heimildum ber saman um að upphaf ungmennafélagshreyfingarinnar hérlandis megi að miklu leyti rekja til hinna norrænu lýðskóla sem hófu starfsemi sína um og eftir miðja 19. öld. Mest munu þessir skólar hafa verið áberandi í Danmörku og Noregi. Til

³¹ Guðm[undur] Davíðsson, *Um Ungmennafélög Íslands*, bls. 3-4.

³² *Hér. Ak.* „Lög fyrir Ungmennafélag Akureyrarkaupstaðar.“

³³ Guðm[undur] Davíðsson, *Um ungmennafélög Ísland*, bls. 8.

³⁴ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands*, bls. 43.

Þess að skilja betur þá hugmyndafræði sem ungmennafélögin tileinkuðu sér verður nú fjallað nánar um þessa skóla og baksvið þeirra skoðað.

5. Grundtvig og hin norrænu áhrif

Þær hugsjónir sem ungmennahreyfingin starfaði samkvæmt, jafnt hér á landi sem erlendis, eru gjarnan raktar til Danans Nikolai Frederik Severin Grundtvig (1783-1872). Hann var prestsmentaður en lét einnig að sér kveða á stjórn málasviðinu í Danmörku og barðist á fyrri hluta níttjándu aldar fyrir bættum menntunarmöguleikum almennings í Danmörku. Þessi herferð hans ól af sér ákveðna tegund almenningskóla í landinu en ýmsar hugmyndir úr því starfi voru síðar teknar upp hjá ungmennafélögum.

Frumkvöðlar fyrstu félaganna af þessu tagi hér á landi áttu það sameiginlegt að hafa dvalið um tíma við nám í Danmörku eða Noregi þar sem þeir kynntust áður nefndum hugmyndum frá fyrstu hendi. Menn á borð við þá Jóhannes Jósefsson og Þórhall Björnsson, sem stóðu á bakvið stofnun U.M.F.A., og Helgi Valtýsson, sem var í forsvari sambærilegs félags í Reykjavík, voru því uppfullir af hugsjónum um bætt íslenskt samfélag, er þeir snéru aftur heim að námi loknu. Ungmennafélögin sem stofnuð voru hér á landi í byrjun síðustu aldar virðast því hafa unnið samkvæmt nokkuð fastmótaðri hugmyndafræði og samhæfðum markmiðum frá upphafi. Hugtakið hugmyndafræði verður hér skilgreint á svipaðan hátt og það er skýrt í *Íslenskri orðabók*, þ.e.a.s. sem „fræðigrein sem fæst við hugmyndir og hvernig þær falla saman í kerfi, eina heild [...] heildarrök og markmið hóps eða verkefnis“³⁵.

Hugmyndafræðin sem birtist í starfi ungmennafélaganna hér á landi var að mati Inga Sigurðssonar margþætt og byggðist meðal annars á arfleifð upplýsingarinnar³⁶, þjóðernishyggju, ákveðnum trúarskoðunum og loks þeirri stefnu sem bindindisfélögin mörkuðu sér.³⁷ Sem fyrr segir var sambærileg starfsemi á öllum Norðurlöndunum þó svo að greina megi vissan blæbrigðamun frá einu landi til annars.

Hreyfingin virðist á hinn bóginn ekki hafa náð fótfestu utan Norðurlanda, þar sem hún var öflug og hafði þó nokkur áhrif á þjóðlífið. Mestu samsvörunina við starfsemina á Íslandi er líklega að finna í Noregi en tengslin voru talsverð við ungmennafélögin þar.³⁸ Í Noregi var aðaláhersla ungmennafélaga á þjóðlega þætti og alþýðufræðslu. Töluvert var um kennara í

³⁵ *Íslensk orðabók*, bls. 443.

³⁶ Hugtakið upplýsing á rætur að rekja til þeirrar vakningar sem varð í Evrópu á 16. og 17. öld í kjölfar byltingar á sviði vísinda á þessum tíma. Sjá nánar m.a. í bókinni *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918* eftir Inga Sigurðsson.

³⁷ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 192.

³⁸ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 192-193.

félögunum en þeir gegndu mikilvægu hlutverki við að framfylgja fræðslumarkmiðum hreyfingarinnar. Sem dæmi um aðra starfsemi innan hennar mætti nefna blaðaútgáfu, samkomuhald og skógrækt svo eitthvað sé nefnt.³⁹

Árið 1902 birtist í tímaritinu *Eimreiðinni* grein eftir Jón Jónsson, sem síðar tók upp ættarnafnið Aðils, sem bar heitið „Alþýðuháskólar í Danmörku.“ Þar rakti Jón meðal annars í stuttu máli líf Grundtvigs sem var, samkvæmt Jóni, rómantískur en einnig undir miklum áhrifum af hugmyndum upplýsingarinnar. Hann hafði fornbókmenntir og þjóðlegar undirstöður í hávegum en rómantíkin hafði m.a. þá birtingarmynd að „hún leiddi þjóðirnar aftur að sjálfum sér, uppruna sínum, forfeðrum og fornmenjum, og vakti að nýju eftirtekt þeirra á hinum dýrmætu andlegu fjársjóðum, sem höfðu leynst í fórum þeirra öld fram af öld.“⁴⁰

Grundtvig vildi að skólar landsins endurómuðu rödd alþýðunnar í landinu og veittu um leið fleirum en embættismannasonum og þeim efnameiri tækifæri til menntunar. Að hans mati átti kennslan að byggjast á umræðum, stað hins hefðbundna fyrirlestrarforms, þar sem hvetja átti nemendur til þátttöku. Þannig vildi Grundtvig gera móðurmálinu sem hæst undir höfði og hafa bækurnar einungis til stuðnings og hliðsjónar við kennsluna. Samkvæmt kenningum hans skyldu allir skólar byggjast á „fullkomlega frjálsum grundvelli, aðalþungjandi alla þjóðlegrar menningar [ætti] að liggja í einum stórum, almennum lýðháskóla, sem [byggði] menningu sína á þjóðlegum, en ekki óþjóðlegum grundvelli.“⁴¹

Grundtvig mun hafa gengið með skólahugmyndir sínar á milli manna í Danmörku og hafði m.a. fengið Kristján VIII, konung landsins, á sitt band „og gaf hann út tilskipun um skólastofnun í líka átt 1847. Því miður andaðist konungurinn áður en nokkur framkvæmd yrði á þessu, og féllu þar með afskifti stjórnarinnar af málinu niður.“⁴² Það var því ekki fyrr en háskólaprófessor í Kiel, Christian Flor að nafni, tók af skarið að fyrsti skólinn komst á laggirnar sem starfaði að einhverju leyti samkvæmt þessum forsendum.⁴³

Prófessor þessi mun hafa starfrækt unglingaskóla í Rødding á Jótlandi í tvo áratugi. Árið 1864 fluttist skólinn hins vegar til smábæjarins Askov, sem er um tuttugu kílómetrum norðar á Jótlandi, þegar Danir misstu Slésvík og Holstein í hendur Prússa og Austurríkismanna.

³⁹ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 195.

⁴⁰ Jón Jónsson [Aðils], „Alþýðuháskólar í Danmörku.“ *Eimreiðin*. 8:1 (1902), bls. 6.

⁴¹ Jón Jónsson [Aðils], „Alþýðuháskólar í Danmörku.“ *Eimreiðin* 8:1 (1902), bls. 23.

⁴² Jón Jónsson [Aðils], „Alþýðuháskólar í Danmörku.“ *Eimreiðin* 8:1 (1902), bls. 24.

⁴³ Jónas Jónsson, „Lýðskólinn í Askov.“ *Eimreiðin*. 15:1 (1909), bls. 1-2.

Skólinn í Askov varð vel þekktur hér á Íslandi þar sem margir Íslendingar lögðu stund á nám þar, og meðal þeirra ýmsir sem seinna urðu málsmetandi menn heima á Íslandi. Jónas Jónsson frá Hriflu var í þeim hópi en að hans mati var frumkvæði þessa skóla einkum fólgið í því að leggja sem mest upp úr rétti hvers einstaklings. Ekki hafi verið einn eiginlegur skólastjóri heldur hafi valdinu innan skólans verið dreift meðal kennaranna. „Í hverjum manni býr nokkuð gott, sem um leið er einkennilegt fyrir hann“⁴⁴, hefur Jónas eftir Flor. Uppálagt hafi verið í skólanum að nýta kosti hvers og eins og „sníða hverjum manni stakk eftir vexti, en klæða ekki alla sömu flíkum.“⁴⁵

6. Starf í þágu lands og þjóðar

Það er ekki miklum erfiðleikum bundið að sjá ákveðna samsvörun milli hugmyndanna að baki lýðskólanna annars vegar og ungmennafélaganna hins vegar. Kennslan í lýðskólunum byggðist á kristilegum grundvelli og átti þannig „[f]yrir kraft hins lifandi orðs að vekja æskulýðinn til meðvitundar um og skilnings á sínum háleita guðdómlega uppruna og sínu háleita guðdómlega takmarki, styrkja vilja og siðferðisþrekið og glæða þjóðernistilfinninguna.“⁴⁶

Í fyrstu lögum Ungmennafélags Akureyrar má greina svipuð markmið en meðal þess sem félagsmenn hugðust áorka var að kenna ungu fólki að „starfa fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð“ og reyna jafnframt að efla þjóðlega þætti samfélagsins. Þá skal þess einnig getið að þeir gátu einir orðið meðlimir í félaginu „sem treysta handleiðslu og almætti guðlegs afls[.]“⁴⁷

Líklega lýsa orð Jóhannesar Jósefssonar best hugsjónum stofnenda fyrsta ungmennafélagsins um ræktun einstaklingsins og þjóðarinnar en markmiðið var að

endurvekja reisin þjóðveldistímabilsins, verða aflvaki allra dádá og skóli þjóðlegra mennta, andlega og veraldlega. Þar átti að ala upp forystulið þjóðarinnar, hámenntaða menn í hinum nýtsömum fræðum og þrautþjálfaða í íþróttum. [...] Ungmennafélögin áttu að verða vermireitur hreinnar íslenzkrar tungu, og í túni þeirra skildu dafna hvers konar þjóðlegar íþróttir og dyggðir.⁴⁸

⁴⁴ Jónas Jónsson, „Lýðskólinn í Askov.“ *Eimreiðin*. 15:1 (1909), bls. 2.

⁴⁵ Jónas Jónsson, „Lýðskólinn í Askov.“ *Eimreiðin*. 15:1 (1909), bls. 2.

⁴⁶ Jón Jónsson [Aðils], „Alþýðuháskólar í Danmörku.“ *Eimreiðin*. 8:1 (1902), bls. 24.

⁴⁷ *Hér. Ak. Lög fyrir Ungmennafélag Akureyrarkaupstaðar*.

⁴⁸ Jóhannes Jósefsson, *Jóhannes á Borg*, bls. 92.

Þá kemur einnig fram í fyrstu fundargerðum félagsins að félagsmenn hafi verið mjög fylgjandi því að Ísland fengi sjálfstæði þó svo að þá hafi greint á um hvenær það væri tímabært.⁴⁹

Frá stofnfundi komst ákveðið form á starfseminu og voru félagsfundir haldnir í viku hverri. Bryddað var upp á ýmsu á fundunum en þjóðernishyggjan var yfirleitt ofarlega í huga fundarmanna. Sem dæmi má nefna að félagið lét verulega til sín taka í fánamálinu svokallaða en talsvert var um það rætt á Íslandi á þessum tíma hvort ekki væri rétt að Íslendingar fengju sérstakan fána í stað hins rauðhvíta Dannebrog.

Ungmennafélag Akureyrar mun ekki hafa verið nema rétt liðlega tveggja mánaða gamalt þegar fyrst var farið að viðra þær hugmyndir að stofna þyrfti landssamtök ungmennafélaga. Fram kemur í fundargerð félagsins 11. mars 1906 að koma þyrfti á sambandi og samvinnu „við svipaðan félagsskap úti um landið.“⁵⁰ Þessi hugmynd sýnir kannski betur en flest annað þann stórhug sem bjó innra með stofnendum félagsins. Þrátt fyrir að félagið væri hið eina sinnar tegundar á landinu og á aldur við hvítvoðung voru félagsmenn þegar farnir að leggja drög að samtökum á landsvísu.

Eðli málsins samkvæmt varð ekki úr stofnun landssamtaka þetta ár þar sem U.M.F.A. var eina starfandi félagið allt þar til í október 1906 þegar Ungmennafélag Reykjavíkur var sett á stofn.⁵¹ Fram til þess tíma voru Akureyringarnir hins vegar mjög ötulir við að breiða út boðskap félagsins þó að árangurinn af því starfi hafi kannski ekki skilað sér í stofnun fleiri félaga, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Ein helsta ástæðan fyrir tregðu manna til að ganga í félag af þessu tagi mun hafa verið hið alræmda bindindisákvæði sem stóð í mörgum.⁵²

Árangurinn af starfi Akureyringanna fór þó að skila sér árið 1907 og frá því fjölgaði ungmennafélögum ört, en sextán ný félög voru stofnuð þetta ár. Þetta var þó aðeins upphafið því alger holskefla reið yfir á næstu þremur árum þegar 82 ný ungmennafélög voru mynduð og átti enn eftir að fjölga á næstu árum.⁵³

Samtök ungmennafélaga á Ísland (U.M.F.Í) voru formlega stofnuð á Þingvöllum 2. ágúst árið 1907 og var fyrsti formaður samtakanna Jóhannes Jósefsson, sá hinn sami og gegndi því hlutverki hjá U.M.F.A. Lögð var áhersla á að samræma starf félaganna um allt land. Sem fyrr segir lögðu félögin áherslu á fræðslustarf hvers konar og allt það sem gat orðið landinu til gagns. Má þar nefna skógrækt, dýrarækt og eflingu heimilisiðnaðar sem

⁴⁹ *Hér. Ak. F-1/1. Fundargerðarbók 1906-1907.*

⁵⁰ *Hér. Ak. F-1/1. Fundargerðarbók 1906-1907.*

⁵¹ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands*, bls. 24.

⁵² Geir Jónasson, *Ungmennafélög Íslands*, bls. 107.

⁵³ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands*, bls. 25.

félagsmenn töldu mikilvægan þátt í atvinnulífi framtíðarinnar. Ekki má heldur gleyma því að sjálfböðavinna var stór þáttur í starfi ungmennafélaganna. Sjálfböðaliðar á vegum ungmennafélaganna tóku t.d. þátt í heyskap fyrir bændur og vegagerð.

En víkjum nú sögunni aftur að íþróttafélögunum.

7. Gildi íþróttaiðkunar

Meðlimir fyrstu íþróttafélaganna voru úr mismunandi stéttum þjóðfélagsins og því eðlilegt að hugmyndir þeirra um tilgang félaganna hafi verið ólíkar. Þannig þarf vart að ganga í grafgötur um að dönsku fyrirmennin sem stóðu að fyrsta íþróttafélaginu áttu fátt sameiginlegt með drengjahópunum, sem stofnuðu knattspyrnufélögin hálfri öld síðar, annað en vilja til að stunda sitt áhugamál. Reyndar er óhægt um vik að fullyrða um slíkt þar sem ekki er mikið til af gögnum frá fyrstu starfsárum félaga eins og K.R. og Vals. Eflaust hefur lítið verið um fundahöld hjá félögunum fyrstu árin sem þau störfuðu en hafa ber í huga að um drengjahópa var að ræða sem höfðu vafalítið meiri áhuga á ástundun leiksins, sem félögin voru stofnuð um, en því að sitja og funda.

Það var hins vegar nokkuð algengt að einhverjir úr hópi stofnenda knattspyrnufélaganna tjái sig um upphaf þeirra síðar á ævinni, gjarnan í ritum sem gefin voru út á afmælisárum viðkomandi félaga. Með því að rýna í skrif þessara manna má fá ágætis hugmynd um hvaða áhrif íþróttaiðkunin hafði á þá.

Erlendur Pétursson, þáverandi formaður K.R., sem áður hefur verið vitnað til, fjallaði í *Félagsblaði KR* árið 1943 um ástæðu þess að íþróttir urðu honum svo hjartfólgnar í æsku:

Heilbrigð æska þarf eitthvað að glíma við. Hún getur ekki setið auðum höndum. Starf og barátta er henni í blóð borin. Hún þarf mark til að keppa að. Og umfram allt þarf hún að eignast drengskap, félagslyndi, ósérplægni og ást á landi og þjóð.

Það var allt þetta, sem íþróttirnar veittu mér í æsku minni, og þess vegna drógu þær mig svo djarft til sín, og því varð íþróttahreyfingin mér svo hjartfólgin.

Íþróttirnar kenndu mér, borgarbúanum, að nota frístundirnar rétt. Þær veittu æskuþrótti mínum þá útrás, sem nauðsynleg er hverjum æskumanni. Aldrei að sitja auðum höndum. Alltaf barátta. Njóta góðs félagsskapar jafnaldranna. Keppa drengilega með þeim á leikvelli. Allt þetta vakti hjá mér á unga aldri einlæga þrá til þess að verða íþróttunum að sem mestu liði, og þá um leið félögum mínum og samborgurum.⁵⁴

⁵⁴ Erlendur Pétursson, „Hvað dró mig svo djarft til þín?“ *Félagsblað K.R.* 7:1 (1943), bls. 10

Íþróttaiðkunin í æsku veitti honum þannig að eigin mati ákveðna undirstöðu fyrir það sem koma skyldi síðar á ævinni og hvatti hann til dáða á fleiri sviðum. Gera má ráð fyrir að fleiri hafi orðið fyrir svipuðum áhrifum af ástundun íþróttar.

Axel Andrésón sem var fyrsti formaður Víkings var á svipuðu máli og Erlendur, í pistli sem hann ritaði í tilefni að hálftrar aldar afmælis félagsins árið 1958. „Það hefir ekki verið nægilega vel á það bent [...] hve gott verk knattspyrnan og aðrar íþróttir hafa unnið hér á landi“ sagði Axel og bætti því við að ungmenni Reykjavíkur hafi með íþróttarástundun fengið útrás sem hafi áður komið fram í „óknyttum og áflogum, jafnvel í bardögum milli bæjarhverfa“.⁵⁵

Hvað Valsmenn áhræði virðist ljóst að séra Friðrik sá í félagsskapnum tækifæri til að styrkja þann kristilega grunn sem hann byggði K.F.U.M. á með því að flétta agann sem fylgdi ástundun knattspyrnunnar saman við kristindóminn. Til þess að koma í veg fyrir óæskileg áhrif utan frá lét hann Valsmenn aðeins leika innbyrðis fyrstu starfsár félagsins. Þá lagði hann einnig blátt bann við hvers konar ósæmilegri hegðun eins og blótsyrðum á vellinum. Þeir sem gerðust sekir um slíkt í leik voru umsvifalaust dæmdir brotlegir.

Þessir aðilar virtust því allir sammála um uppeldislegt gildi íþróttanna, þær hafi stuðlað að því að veita kröftum þeirra sem þær stunduðu í réttar áttir og þannig komið í veg fyrir að þeir hinir sömu færu út á óæskilegri brautir í lífinu. Það sem þessir sömu aðilar sáu fyrst og fremst sem leiki og skemmtan í æsku hafði þannig öðlast nýrri og gildishlaðnari merkingu seinna á lífsleiðinni.

8. Hvers vegna stofnuðu íþróttafélögin landssamtök?

Íþróttafélög sem voru starfandi í lok nítjándu aldar höfðu líklegast ekki mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta. Þetta breyttist þegar kom fram yfir aldamótin og félögunum tók að fjölga. Þegar lítið er á skrif um íþróttir í blöðum og tímaritum í Reykjavík á fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar er greinilegt að iðkendur íþróttar í bænum standa allir frammi fyrir sama vandanum. Innan bæjarmarkanna var ekkert svæði sérstaklega hugsað sem vettvangur fyrir æfingar og keppni í íþróttum.

Þessi staðreynd mun öðrum fremur hafa leitt til þess að Íþróttasamband Reykjavíkur var stofnað árið 1910. Sex félög ákváðu að bindast samtökum til að stuðla að byggingu íþróttavallar í Reykjavík og var greint frá þessum fyrirætlunum íþróttahreyfingarinnar í tímaritinu *Reykjavík* í júní árið 1910:

⁵⁵ *Vikingur 50 ára*, bls. 3

Íþróttasvæði eru ýmis fjelög hjer í bænum að hugsa um að koma upp hjerna á Melunum. [...] Ætlazt er til, [...] að það verði hentugt svið til alls konar íþróttæfinga bæði sumar og vetur. Á veturna er ætlazt til að vatni verið hleypt á svæðið, til þess að þar verði skautasvell. [...] Kostnaðurinn við útbúnað íþróttasvæðis þessa er áætlaður 8000 kr.⁵⁶

Á bæjarstjórnarfundum 16. júní sama ár lýstu bæjaryfirvöld yfir vilja sínum til að úthluta íþróttafélögum vallaraðstöðu á Melunum og einnig að taka beiðni þeirra um fjárfstyrk vegna þessara framkvæmda til „góðgjarnrar athugunar“ eins og það er orðað í fundargerð bæjarstjórnar.⁵⁷ Um töluverða framkvæmd var að ræða því félögin höfðu í hyggju að vatns- og gasæðar yrðu lagðar að vellingum og umhverfis hann. Auk þess átti að girða hann af til þess að hægt væri að selja inn á þau íþróttamót sem haldin yrðu í framtíðinni.

Félögin leituðu einnig til fyrirtækja og almennings með ábyrgðir vegna bankaláns sem sambandið hugðist taka vegna gerðar vallarins og „[f]ékk sú málaleitun góðar undirtektir.“⁵⁸ Þá lét sambandið prenta orðsendingu í nærri þrjú hundruð eintökum sem dreift var til íbúa bæjarins og biðlað til þeirra að styrkja framkvæmdina. Þar sagði m.a. að íþróttamenn bæjarins teldu völl á borð við þann sem sambandið hugðist útbúa lífsnauðsynlegan. Þar að auki yrði hann „miðstöð alls útiveru-lífs bæjarins“ og þá jafnframt leikvöllur fyrir börnin þegar íþróttafélögin væru ekki að nota hann. Greiðlega virðist hafa gengið að fá lánið til framkvæmdanna en reyndar getur Sigurjón Pétursson þess í grein sem hann skrifaði í *Eimreiðina* að dr. Valtýr Guðmundsson, ritstjóri blaðsins, hafi reynst sambandinu drjúgur liðsstyrkur og lagt til tvö þúsund krónur, en heildarkostnaður mun að lokum hafa verið nálægt tíu þúsund krónum.⁵⁹

Ekki liðu nema tvö ár frá stofnun Íþróttasambands Reykjavíkur þar til landssamtök voru stofnuð. Íþróttafélögum á landsbyggðinni fjölgaði jafnt og þétt og um leið jókst mikilvægi þess að stofna samtök sem stuðluðu að samræmi í starfi félaganna, til dæmis með útgáfu keppnisreglna í ólíkum íþróttagreinum. Aðalástæða þess að Íþróttasamband Íslands var stofnað var þó að mikil þörf hafði myndast fyrir slíkt samband til þess að taka á málum er vörðuðu þátttöku á íþróttamótum erlendis, s.s. Ólympíuleikum, en „[m]önnunum var ljóst, að slík þátttaka hlaut að verða lítil eða engin, nema landssamtaka íþróttahreyfingarinnar nyti við.“⁶⁰

⁵⁶ „Reykjavíkurfirjettir“ *Reykjavík*. 11:25 (1910), bls. 95.

⁵⁷ „Reykjavíkurfirjettir“ *Reykjavík*. 11:27 (1910), bls. 103.

⁵⁸ Sigurjón Pétursson, „Íslenzkt íþróttalíf. II.“ *Eimreiðin*. 18:3 (1912), bls. 188-189.

⁵⁹ „Íþróttavöllurinn.“ *Ísafold* 38:24 (1911), bls. 94.

⁶⁰ Gils Guðmundsson, *Íþróttasamband Íslands fimmtíu ára*, bls. 15.

Þátttaka Íslands á Ólympíuleikum átti þó eftir að valda talsverðum titringi jafnt hér á Íslandi sem í Danmörku og má kannski segja að framlag íþróttahreyfingarinnar til sjálfstæðisbaráttunnar sé hvað sýnilegast í þeim atburðum sem þar áttu sér stað.

9. Þáttur íþróttamanna í sjálfstæðisbaráttunni

Á sama tíma og íþróttirnar áttu auknum vinsældum að fagna á Íslandi fór krafan um sjálfstæði landsins frá Danmörku stigvaxandi. Töluverð umræða varð í þjóðfélaginu um þessi mál og skoðanir voru skiptar. Íþróttaiðkendur fóru ekki varhluta af þessari vakningu þó svo að þeir létu kannski ekki mikið fyrir sér fara til að byrja með. Þó tengjast íþróttá- og ungmennafélögin sjálfstæðisbaráttunni á ýmsan hátt. Í *Sögu Reykjavíkur* bendir Guðjón Friðriksson t.a.m. á að fáni Glímufélagsins Ármanns, sem var hvítur fálki á bláum grunni, hafi verið notaður í sjálfstæðisbaráttunni um tíma.⁶¹ Þá var einnig skrifað um íþróttir í bókum og blöðum í síauknum mæli og þau skrif jafnvel sett í samhengi við frelsisbaráttuna.

Þátttaka íslenskra keppenda á Ólympíuleikunum 1908 og 1912 varð flestum að óvörum vettvangur fyrir sjálfstæðisóskir Íslendinga. Þar komu fulltrúar Íslands fram og sýndu hina séríslensku íþrótt glímu í von um að hún yrði tekin sem ólympíugrein. Svo fór reyndar ekki en íslensku íþróttamennirnir urðu valdir að ósætti í samskiptum Íslendinga og Dana þar sem hinir síðarnefndu samþykktu ekki rétt Íslendinga til þátttöku sem sjálfstæðrar þjóðar.

Upphafið að því að Ísland sendi þátttakendur á Ólympíuleika má rekja til þess þegar félagar í U.M.F.A. fögnuðu eins árs afmæli félagsins í ársbyrjun 1907 en þar notuðu þeir tækifærið og fóru með heitstrengingar eins og tíðkast hafði við hátíðleg tækifæri til forna. Þórhallur Bjarnason, annar stofnenda félagsins, sýndi þar ákveðið frumkvæði er hann strengdi þess heit að stuðla að því að „vér Íslendingar stöndum eigi verr að vígi til sæmdarvænlegrar þátttöku í hinum ólympísku leikum, innan fimm ára hér frá, en aðrar þjóðir að tiltölu;“ ella skyldi hann minni maður heita.⁶² Íslendingar skyldu á Ólympíuleikana árið 1912. Þessi orð Þórhalls lýsa vel þeim stórhug sem ríkti hjá ungmenna- og íþróttafélögum á þessum tíma. Formaður félagsins Jóhannes Jósefsson, sem var mikill íþróttááhugamaður og glímukappi, greip orð Þórhalls á lofti, tók málið í sínar hendur og fylgdi því eftir allt þar til að þátttaka hafði verið tryggð á leikunum sem fram fóru í London árið 1908.

Ísland var á þessum tíma hluti af danska konungsríkinu og því töldu menn að bera þyrfti málið undir herrapjóðina og fá þeirra samþykki fyrir þátttökunni. Jóhannes, sem var

⁶¹ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 477.

⁶² Geir Jónasson, *Ungmennafélög Íslands*, bls. 98.

ákafur talsmaður sjálfstæðis Íslands, var ekki á þeim buxunum heldur sneri sér beint til Bretlands og hafði samband við Einar Benediktsson, skáld og athafnamann, sem búsettur var í London á þessum tíma og bað hann um liðsinni í málinu. Einar mun hafa tekið vel í erindi Jóhannesar og gekk á fund Sir William Henry, formanns þjóðnefndar Ólympíuleikanna. Sá tók Einari vel og veitti honum, fyrir hönd Íslands, skriflegt samþykki fyrir þátttöku Íslands í leikunum og sagðist semja við Ungmennasamband Íslands vegna þátttökunnar.⁶³

Jóhannes reit í framhaldinu grein í tímaritið *Norðra* í ársbyrjun 1908 þar sem hann leitaðist eftir að útskýra tilganginn með förinni og einnig að efna til samskota meðal landsmanna til styrktar væntanlegum ólympíuförum. Hann áleit það mikilvægt fyrir hina íslensku þjóð að eiga fulltrúa á leikum sem þessum, keppendurnir væru í raun „varnarmenn íslensku þjóðarinnar.“⁶⁴ Talsvert var skrifað í norðlensk blöð um þetta mál í framhaldi af grein Jóhannesar, í flestum tilfellum til stuðnings væntanlegum ólympíuförum. Ekki voru þó öll kurl komin til grafar.

Þessar fyrirætlanir Jóhannesar vöktu blendin viðbrögð sunnan heiða svo ekki sé meira sagt. Félagar í Glímufélaginu Ármanni töldu að sér vegið þar sem tilgangur fararinnar var m.a. að sýna íslenska glímu á leikum. Ármenningar skárust því í leikinn og gerðu sínar eigin ráðstafanir vegna leikanna og sendu m.a. dr. Helga Pjeturs á fund forsvarsmanna leikanna í London. Þau svör sem Helgi fékk voru á aðra lund en þau vilyrði sem Einar Ben. hafði áður fengið hjá Sir William Henry. Í bréfi sem Helgi fékk frá nefndinni sagði einfaldlega að hún gæti ekki haft nein afskipti af íslenskri glímu. Helgi náði ekki sambandi við Henry sjálfan og því kom hann þeim skilaboðum heim til Íslands að ekki gæti orðið úr þátttöku Íslendinga.⁶⁵ Jóhannes taldi hins vegar lítið mark takandi á orðum Helga þar sem hann hefði þegar fengið vilyrði fyrir þátttökunni og hugðist sjálfur leiða flokk hinna íslensku keppenda.

Tímaritið *Ísafold* reyndi að miðla málum á milli norðan- og sunnanmanna og lagði til að á leikana yrðu sendir „ekki færri en 8 alls, 4 norðlenskir og austfirzkir, og 4 sunnanlands og vestan.“⁶⁶ Svo fór að Íslendingar sendu sjö fulltrúa á leikana, þrjá frá Reykjavík, tvo norðanmenn og einn Austfirðing.⁶⁷ Jóhannes tók að sér fararstjórnina og var jafnframt eini eiginlegi keppandinn. Auk hans fóru út sex glímumenn sem hugðust kynna hin íslensku fangbrögð fyrir umheiminum.

⁶³ Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson*, bls. 9

⁶⁴ Jóhannes Jósefsson, „Ólympískir leikir. Þátttaka Íslendinga í þeim.“ *Norðri*. 3:3a (1908), bls. 9.

⁶⁵ Helgi Péturss., Glímuförin til Lundúna og Dr. Helgi Péturss. *Ísafold*. 35:60 (1908), bls. 238-239.

⁶⁶ „Ólympíuleikir og íslenskir íþróttamenn.“ *Ísafold*. 35:11 (1908), bls. 42.

⁶⁷ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands*, bls. 64.

En hugum þá að leikunum sjálfum. Sem nærri má geta var þessi íþróttahátíð mikil upplifun fyrir íslensku íþróttamennina. Þangað voru þeir komnir sem fulltrúar eyjunnar í norðri til að kynna séríslenska íþrótt og hugðust því ganga til leiks sem Íslendingar undir eigin merkjum. En þar kom hins vegar babb í bátinn. Danir voru ekki búnir að samþykkja þátttöku Íslendinga fyrir sitt leyti þó svo að fengist hefði vilyrði frá mótshöldurum sjálfum og dönsku þátttakendurnir á leikunum reyndu að hindra inngöngu Íslendinga inn á leikvanginn við opnunarathöfnina. Íslendingar væru danskir þegar og skyldu ganga inn sem slíkir eða sleppa því ella.

Mátti litlu muna að slægi í brýnu milli fylkinganna eins og Jóhannes greinir frá í endurminningum sínum. Að hans sögn vildi þá svo til að títtnefndan Sir William Henry bar þar að og kom upp á milli fylkinganna á síðustu stundu. Tjáði hann Dönnum jafnframt „að íslenzku íþróttamennirnir hefðu fullan rétt til að ganga saman á leikvanginn og skyldi enginn hefta för þeirra.“⁶⁸ Það verður að teljast hæpið að fulltrúi á vegum ólympíunefndar hafi, fyrr eða síðar, haft áhrif með jafn beinum hætti í frelsisbaráttu þjóðar.

Niðurstaða þessa máls varð sú að glímumennirnir sex fengu að ganga inn á leikvanginn sem fulltrúar Íslands. Mun þar hafa skipt mestu að einungis átti að sýna glímuna en ekki keppa til verðlauna. Hins vegar þurfti aðalhvatamaðurinn, Jóhannes, að sætta sig við að ganga inn í hópi dönsku keppendanna þar sem hann hugðist keppa til verðlauna í fjölbragðaglímu. Þetta mun hafa verið hinum þjóðernissinnaða kappi mikil raun.

Fjórum árum síðar, árið 1912, fóru næstu Ólympíuleikar fram í Stokkhólmi. Íþróttasamband Íslands, Í.S.Í. var þá nýkomið til sögunnar og hafði því umsjón með þátttöku íslensku keppendanna. Ákveðið var á stjórnarfundum hreyfingarinnar í mars 1912 að senda átta manns á leikana. Sami háttur var á og fjórum árum fyrr, þ.e. aðeins einn ólympíufaranna, Sigurjón Pétursson, keppti til verðlauna í grísk-rómverskri glímu en hinir sjö sýndu íslenska glímu.

Íslendingarnir sóttust sem fyrr eftir því að koma fram sem fulltrúar Íslands í stað Danmerkur og því myndaðist aftur viss úlfúð á milli landanna. Fritz Hansen formaður dönsku ólympíunefndarinnar var t.a.m. algerlega mótfallinn þessum fyrirætlunum Íslendinga. Hann varð þó að beygja sig fyrir danska innanríkisráðherra sem veitti leyfið. Þegar komið var á leikana leit því allt út fyrir að Íslendingar yrðu kynntir til leiks undir merkjum Íslands. „En þá vitum við eigi fyrri til, en við fáum bréflega tilkynningu frá form. dönsku nefndarinnar, Fritz Hansen, þar sem hann skýrir okkur frá, að við eigum að ganga í miðjum flokki Dana.“⁶⁹ Þetta

⁶⁸ Jóhannes Jósefsson, *Jóhannes á Borg*, bls. 151.

⁶⁹ *Ólympíuförin 1912*, bls. 13.

kom Íslendingunum í opna skjöldu. Er þeir leituðu skýringa hjá sænsku ólympíunefndinni fengu fulltrúar Íslands þau svör að Svíar vildu ekki „leggja vináttu Dana í sölurnar, út af slíkum smámunum.“⁷⁰ Sigurjóni og félögum fannst þeir illa sviknir með þessu og urðu sammála um „að ganga ekki fram með slíkum skilyrðum, og merki vort lá eitt eftir á vellinum.“⁷¹

Þeim hefur vafalaust þótt það afturför að þurfa að ganga til leikanna sem danskir þegnar eftir að hafa komið fram fjórum árum fyrr sem fulltrúar Íslands. Þessi ákvörðun gefur þannig sterklega til kynna hversu hugsjónir sjálfstæðisbaráttunnar voru ofarlega í hugum landsmanna. Sú ákvörðun Íslendinga að taka ekki þátt í opunarathöfninni vakti að vonum nokkra athygli og fékk talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Þannig birti *Svenska Dagbladet* m.a. viðtal við Sigurjón um málið tveimur dögum síðar. Þessar væringar komu þó ekki í veg fyrir þátttöku Íslendinganna og íslenska glíman var sýnd á leikunum við góðan orðstír. Íslendingar sendu hins vegar ekki keppendur á Ólympíuleika á ný fyrr en árið 1936, þá sem fullvalda þjóð.

10. Fyrirmyndir fortíðar

Tengslin milli íþróttanna og frelsisbaráttunnar áttu sér fleiri birtingarmyndir en þátttöku á íþróttamótum erlendis. Á fyrstu árum tuttugustu aldar komu út ýmsar bækur og greinar sem fjölluðu með einum eða öðrum hætti um menningu og lífshætti fólks á söguöld. Í þessum ritum kvað gjarnan við svipaðan tón. Bent var á að þeir sem hér námu land hafi flúið undan oki valdhafa í Noregi og þannig öðlast frelsi fyrir sig og afkomendur sína. „Ísland varð þannig síðasti gridastaður þjóðfrelsis á Norðurlöndum,“⁷² skrifaði Jón Aðils um landnám Íslands og stofnun þjóðveldis. Landið var, héldu menn fram, frjálst á þeim tíma er mestu hetjur fornsagnanna riðu hér um héruð. Hér hafi hins vegar verið harðbýlt og því mikilvægt fyrir fólk sem hér bjó að vera hraust líkamlega jafnt sem andlega. „[T]elja má rækt feðra vorra við líkamsmenningu sína eina af aðalorsökunum til þjóðþroska þeirra, bæði í andlegu og líkamlegu tilliti.“⁷³

Ætla má að Jón Aðils og fleiri hafi haft arfleifð Íslendingasagnanna til hliðsjónar í skrifum sínum um þjóðveldistímamann. Öldum saman hafði þjóðin hlustað á þessar sögur um upphaf Íslandsbyggðar og drukkið í sig lýsingar af þeim görpum sem sagt var frá í þeim. Ekki

⁷⁰ *Ólympíuförin 1912*, bls. 13.

⁷¹ *Ólympíuförin 1912*, bls. 14.

⁷² Jón Jónsson [Aðils], *Gullöld Íslendinga*, bls. 6.

⁷³ Björn Bjarnason, *Íþróttir fornanna*, bls. 235.

skal fjölyrt um sannleiksgildi þessara sagna en þær gerðu mikið úr líkamsburðum manna, sem voru einatt heljarmenni að burðum. Til marks um það er lýsingin af Gunnari á Hlíðarenda, einni af þekktari persónum þessara sagna, en samkvæmt *Njáls sögu* var hann „mikill maður vexti og sterkur, manna best vígur. [...] Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur og eigi var sá leikur er nokkur þyrfti við hann að keppa og hefir svo verið sagt að engi væri hans jafningi.“⁷⁴

Sú skoðun varð hins vegar nokkuð algeng á níjtjándu öldinni að heljarmenni á borð við Gunnar hafi horfið af sjónarsviðinu þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd og í kjölfarið hafi fylgt tímar andlegrar og líkamlegrar hnignunar. Þannig var það gefið til kynna að með bættu líkamlegu atgervi, sem jafnframt stuðlaði að eflingu hins andlega, yrðu Íslendingar betur í stakk búnir til að takast á við baráttuna fyrir frelsi landsins.

Mögulegar ástæður þess að minna fer fyrir görpum á borð við Gunnar Hámundarson í heimildum að lokinni þjóðveldisöld eru líklega helst þær að sagnaritun lagðist smám saman af er leið frá þessum tíma. Velta má því fyrir sér hvort sú staðreynd að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd á þrettándu öld hafi haft einhver áhrif líka.

Fram til þess tíma hafði landinu verið stjórnað af svokölluðum goðum, sem voru valdastétt þjóðfélagsins.⁷⁵ Landinu var þá skipt í fjórðunga sem greindust síðan í smærri svæði, svonefnd goðorð sem þinguðu að vor- og haustlagi innan hvers fjórðungs. Yfir sumarið komu svo allir goðar saman á Alþingi.⁷⁶ Um allt land var því þingað en þessir viðburðir eru einnig taldir hafa verið vettvangur ýmissa íþróttta og leikja. Örnefni á borð við Fangbrekku við Öxará þykja styrkja þá tilgátu og benda til þess að menn hafi m.a. þreytt glímu og önnur fangbrögð er þeir komu saman til þinghalds.⁷⁷

Þegar landið komst í hendur Noregs voru goðorðin úr sögunni og um leið þau fjölmennu mannamót sem einkennt höfðu íslenskt þjóðlíf fram að því. Erfitt er að fullyrða um hvaða áhrif þetta hafði á íþróttaiðkun almennt í landinu en heimildir þess efnis eru af skornum skammti. Ástundun íþróttta og leikja lagðist fráleitt af, en vettvangurinn var ekki lengur fjölmenn þing goðanna og því minni líkur á að slíkt athæfi hafi varðveist í minni sagnameistara þess tíma.

Ýmsir utanaðkomandi þættir höfðu áhrif á þróun þjóðlífsins hér næstu aldir. Hörmungar s.s. plágur, hungursneyð og náttúruhamfarir gengu yfir landið á tímabilinu, atburðir sem eðlilega er meira fjallað um af sagnaritunum. Við þetta má svo bæta að

⁷⁴ *Brennu-Njáls saga*, bls. 34-35.

⁷⁵ Ingimar Jónsson, *Ágrip af sögu íþróttta*, bls. 3.

⁷⁶ Jakob Benediktsson, „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ bls. 182-184.

⁷⁷ Björn Bjarnason, *Íþróttir fornanna*, bls. 195.

kirkjunnar menn litu gjarnan leiki og skemmtanir hornauga sem hefur eflaust haft neikvæð áhrif á iðkun íþróttta hér.

Árið 1908 kom út bókin *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum* eftir Björn Bjarnason en eins og titillinn gefur til kynna rifjaði Björn þar upp íþróttaiðkun Íslendinga til forna. Hann var ekki í neinum vafa um að iðkun íþróttta var áhrifamikill þáttur í glæsileika þjóðarinnar á þessum tíma. „[T]elja má rækt feðra vorra við líkamsmenning sína eina af aðalorsökunum til þjóðþroska þeirra, bæði í andlegu og líkamlegu tilliti.“⁷⁸

Sigurjón Pétursson, sem áður er getið, hjó í sama knérunn í greininni „Íslenzkt íþróttalíf“ þar sem hann segir meðal annars:

Meðan líkamsmentunin stóð í blóma á Íslandi, þá áttum vér gnótt mikilmenna, - ekki aðeins líkamlegra, heldur og andlegra. Þá voru menn hér á landi ekki einungis knáir og karlmannlegir, hugaðir og snarráðir, heldur líka spekingar að viti og reyndir að drengskap. Þá var líka fjörið og lífsgleðin margfalt meiri í landinu, en upp af henni vex jafnan dugur og framkvæmdir, þar sem hins vegar deyfðin og þunglyndið gerir menn að dáðleysingjum. En jafnótt og líkamsmentuninni hnignaði, að sama skapi gengu þessir eiginleikar forfeðra vorra til þurðar, og því lengra sem leið, því meiri varð roluskapurinn. Það er því sannarlega vel gert að hefjast nú handa og prédika gildi líkamsmentunarinnar inn í landslýðinn, ekki með orðum einum, - því þá mundi lítið á vinnast, - heldur og í verki. Og þar sem Ungmennafélög þau sem nú eru að rísa upp, hafa einmitt sett sér það mark, að vinna að þessu, þá ætti að styðja þau og styrkja til þess á allar lundir.⁷⁹

Sigurjón er augljóslega ekki í nokkrum vafa um gildi ræktunar líkamans. Hann heldur því næst áfram að benda á dæmi úr fortíðinni og beinir nú sjónum að því hvernig veldi Grikkja hnignaði á svipaðan hátt og hér:

Hjá engri þjóð hefir líkamsmentunin og allskonar íþróttir staðið á jafnháu stigi og hjá þeim [Grikkjum]. Og hvað sjáum við? Einmitt á sama tíma og íþróttalíf þeirra stóð með sem mestum blóma, þá komst hreysti þeirra, fegurðarsmekkur, listir, speki og skáldskapur á hæst stig – hærra stig en hjá nokkurri annarri þjóð fyr og síðar. En íþróttalífið hnignaði – og öllu öðru hnignaði líka og þjóðin varð undirlægja annarra.⁸⁰

Boðskapur Sigurjóns var skýr. Ástundun íþróttta og holl hreyfing væri grundvöllur velgengni þjóða og undirstaða annarra þátta í samfélaginu en hann einfaldar vissulega hlutina málstað sínum í hag.

⁷⁸ Björn Bjarnason, *Íþróttir fornanna*, bls. 235.

⁷⁹ Sigurjón Pétursson, „Íslenzkt íþróttalíf.“ bls. 33.

⁸⁰ Sigurjón Pétursson, „Íslenzkt íþróttalíf.“ bls. 33-34.

Mikilvægt er að hafa í huga að styrkur og þol voru ekki einungis mikilvægir eiginleikar frumbyggjum Íslands í íþróttakeppnum, heldur gátu líkamlegir burðir hreinlega skipt sköpum fyrir íbúana svo þeim væri unnt að færa björg í bú. „Í mörgum fábrotnum líkamsæfingum, leikjum og íþróttum endurspeglast lífsbarátta landsmanna. Hlaup, stökk og köst voru líkamsæfingar sem eflðu mikilvæga eiginleika eins og þrótt og þol.“⁸¹

Þeir sem fjölluðu um miðaldir á nítjándu og tuttugustu öld vísuðu gjarnan til þeirra hörmunga sem íslenskt samfélag gekk, að þeirra mati, í gegnum á hinum „myrku miðöldum.“ Í bókinni *Íslenzkar gátur, þulur og skemtanir*, sem kom út árið 1888, ræðir Ólafur Davíðsson hugsanlegar ástæður þess að íslensku þjóðfélagi hnignaði svo sem honum fannst raun bera vitni. Hann horfir sérstaklega á sextánda, sautjándu og átjándu öld hvað þetta áhrærir en meginástæður þessarar þróunar telur hann vera þrjár: „Vesöld og volæði Íslendinga á tímabili þessu, barátta biskupa og annara guðsmanna gegn þeim og svo öpun Íslendinga eptir útlendum síðum og útlendum skemtunum.“⁸²

Ólafur vísar þar til þess að íbúar landsins hafi í flestum tilfellum lifað við mjög kröpp kjör „og það er ekki að furða, þótt Íslendingar sintu ekki íþróttum og öðrum skemtunum, þegar menn dóu hvað eptir annað hundruðum og þúsundum saman úr sulti og seyru[.]“⁸³ Þá hafi kirkjan og biskupar bannað þjóðlega siði og skemmtanir í ýmsum dúr. Á sama tíma hafi þróunin verið sú að „ýmsir útlendir siðir hafa slæðzt inn í landið, sumir góðir en flestir vondir.“⁸⁴

Flestar þeirra íþróttagreina sem farið var að stunda hér á landi eftir miðbik nítjándu aldar teljast líklega útlendar og því má spyrja hvort Ólafí og fleirum hafi verið í nöp við þær. Þessar greinar urðu stöðugt vinsælli eftir því sem á leið á kostnað hinna hefðbundnu íslensku greina eins og glímu. Knattspyrnan var þar einna fremst í flokki en fátt bendir til þess að margir hafi orðið til þess að setja sig upp á móti greininni opinberlega.

⁸¹ Ingimar Jónsson, *Ágrip af sögu íþróttu*, bls. 20.

⁸² Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar gátur, þulur og skemtanir*, bls. 11.

⁸³ Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar gátur, þulur og skemtanir*, bls. 11.

⁸⁴ Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar gátur, þulur og skemtanir*, bls. 17.

11. Lokaorð

Íþróttir eru í dag álitnar mikilvægur hluti af menningu flestra ríkja og er Ísland þar engin undantekning. Þeir eru fáir sem andmæla þeim rökum að íþróttaiðkun sé holl fyrir mannskepnuna og fjölmargir eyða frístundum sínum í einhvers konar hreyfingu. Í bændasamfélagi því sem ríkti hér á Íslandi allt fram á nítjándu öld fór hins vegar lítið fyrir iðkun af þessu tagi ef marka má þær heimildir sem til eru um slíkt. Á hálftrar aldar tímabili fyrir og eftir aldamótin 1900 varð viðtæk breyting í þessum efnum hér á landi er fjölmörg og mismunandi félög komu fram á sjónarsviðið með þjálfun íþróttar að markmiði. Þessa þróun má að miklu leyti rekja til þéttbýlismyndunar á landinu en sífellt fleiri settust að í bæjum og kaupúnum. Um leið myndaðist vettvangur fyrir margvíslegri félagsskap en hafði tíðkast fram til þessa þar sem mun auðveldara var að halda uppi starfsemi af þessu tagi í bæjarfélögum en til sveita.

Starfsemi íþróttafélaganna í árdaga íþróttahreyfingarinnar var gjarnan stopul og mörg dæmi þess að félög sem voru stofnsett hafi verið lögð niður eftir einhvern tíma og endurreist síðar. Þetta skýrist að vissu leyti af því að frumherjarnir voru margir á unglingsaldri þegar félögin voru stofnuð. Þeir voru virkir í starfi félaganna fyrst um sinn en neyddust gjarnan til að draga úr þátttökunni þegar þeir urðu eldri og aðrar skyldur kölluðu. Hugsanlega voru þá fáir eftir til að taka við keflinu og viðkomandi félag lognaðist útaf um tíma. Einnig er líklegt að aðstöðuleysi hafi oft orðið félögunum að aldurtila en sá þáttur háði töluvert starfi íþróttahreyfingarinnar um langt skeið.

Ungmennafélögin voru frá fyrstu tíð tengdari landsbyggðinni en íþróttafélögin. Starfsemi þeirra fyrrnefndu var fjölbreyttari en hjá íþróttafélögum og féll þannig gjarnan betur að bæjarlífi smærri staða þar sem sjaldnast var grundvöllur fyrir bæði ungmenna- og íþróttafélögum vegna fámennis. Að sama skapi voru margvísleg félög starfrækt í stærri byggðarlögum, sérstaklega í Reykjavík, og því var þörf fyrir ungmennafélögin ekki eins rík.

Fræðslustarf var veigamikill þáttur í starfsemi ungmennafélaganna sem og íþróttaiðkun en með því að stuðla að eflingu sálar og líkama hjá fólkinu í landinu vildu þau m.a. leggja sitt af mörkum í sjálfstæðisbaráttunni sem var meðlimum ungmennahreyfingarinnar ofarlega í huga sem og öðrum landsmönnum.

Fulltrúar íþróttahreyfingarinnar létu einnig til sín taka með ýmsu móti í frelsisbaráttu þjóðarinnar. Það sést líklega best á því hversu ákaf þeir sóttust eftir því að koma fram fyrir hönd Íslands í stað Danmerkur í íþróttakeppni á erlendri grund. Óvíst er hversu mikil áhrif sú baráttu íþróttamannanna, sem og sú stífa þjóðernishyggja sem liðsmenn

ungmennahreyfingarinnar predikuðu, hafði í sjálfstæðisbaráttunni. Hins vegar má ljóst vera að forkólfar íþróttá- og ungmennahreyfingarinnar hér á landi gerðu sér grein fyrir því að íþróttamót erlendis væru kjörinn vettvangur til þess að koma á framfæri óskum íslensku þjóðarinnar um sjálfstæði og þátttaka í viðburðum á borð við Ólympíuleika gæti reynst öflugt vopn í þeirri baráttu væri rétt á haldið.

Ekki skal draga í efa að arfur Íslendingasagnanna fyllti menn einnig eldmóði en erfitt er að segja til um hvort aukin ástundun íþróttá hér gerði landsmenn betur í stakk búna til að takast á við Dani. Slíkar hugmyndir sýna þó kannski öðru fremur hvaða trú þeir sem stóðu fremstir í flokki íþróttá- og ungmennahreyfingarinnar höfðu á gildi íþróttanna og áhrifamætti þeirra.

Þegar upp er staðið má því segja að áhrif íþróttanna og þeirra sem þær stunduðu hafi verið umtalsverðar, jafnt í upphafi sem og til langframa. Helstu forystumenn þeirra félaga sem hér hafa verið tekin til umfjöllunar virðast hafa verið á einu máli um að ávinningurinn af því að stunda íþróttir hafi verið umtalsverður og kennt þeim sjálfsaga, félagslyndi, drengskap og fleira. Þátttaka í þessum félagsskap hafi þannig lagt grunn að heilbrigðu líferni og komið í veg fyrir að meðlimirnir leiddust út á glapstigur samfélagsins. Félögin gegndu því mikilvægu hlutverki fyrir æsku landsins og gerðu hana betur í stakk búna til að takast á við það sem framtíðin bar í skauti sér. Þar að auki komust meðlimir íþróttá- og ungmennafélaganna að raun um það að ýmsu var hægt að koma til leiðar með samstarfi og sá lærdómur hvatti þá enn frekar til dáða á ýmsum sviðum. ekki síst í baráttunni fyrir sjálfstæði landsins.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Hér. Ak.: Héraðsskjalasafn Akureyrar

F-1/ 1 Fundabók Ungmennafélags Akureyrar 1906-1907.

F-1/ 1 „Lög fyrir Ungmennafélag Akureyrarkaupstaðar“ 1906.

Prentaðar heimildir

Björn Bjarnason, *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum*. Reykjavík, 1908.

Brennu-Njálssaga. Texti Reykjabókar. Sveinn Yngvi Egilsson annaðist útgáfuna. Reykjavík, 2003.

Eimreiðin 1902-1912.

Erlendur Pétursson, „Knattspyrnusaga.“ *Afmælisblað Knattspyrnufélags Reykjavíkur 1899-1939*, [Reykjavík], [1939], bls. 7-13.

Félagsblað K.R. 1943.

Fréttir frá Íslandi 1873.

Geir Jónasson, *Ungmennafélag Íslands 1907-1937. Minningarrit*. Reykjavík, 1938.

Gils Guðmundsson, *Íþróttasamband Íslands fimmtíu ára*. Reykjavík, 1962.

Gísli Halldórsson, *Íslendingar á Ólympíuleikum*. Útgáfustað vantar. 2003.

Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson. Ævisaga II*. Reykjavík, 1999.

Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar 1870-1940*. Fyrri hluti. Reykjavík, 1991.

Guðm[undur] Davíðsson, *Um Ungmennafélög Íslands. (Ágrip)*. Reykjavík, 1915.

Guðmundur Finnbogason, *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903-1904*. Reykjavík, 1905.

Gunnar Kristjánsson, *Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára 1907-1982*. Reykjavík, 1983.

Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík, 1997.

Höskuldur Þráinsson, Jón Torfason, Viðar Hreinsson, *Saga Landsmóta UMFÍ*. Reykjavík, 1992.

Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918*. Reykjavík, 2006.

Ingimar Jónsson, *Ágrip af sögu iþróttanna (Ísland)*. Útgáfustað vantar. 1983.

Ísafold 1898-1911.

Íslensk orðabók. Fjórða útgáfa. Ritstjóri Mörður Árnason. Reykjavík, 2007.

Jakob Benediktsson, „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands I*. Ritstjóri Sigurður Línadal. Reykjavík, 1974, bls. 155-196.

Jóhannes Jósefsson, *Jóhannes á Borg. Minningar glímukappans*. Stefán Jónsson skráði. Reykjavík, 1964.

Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands. Saga UMFÍ í 100 ár*. Reykjavík, 2007.

Jón Jónsson [Aðils], *Gullöld Íslendinga. Menning og lífshættir feðra vorra á söguöldinni*. Reykjavík, 1906.

Jón Torfi Jónasson, „Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar.“ *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*. Ritstjórar Helgi Skúli Kjartansson o.fl. Reykjavík, 1999, bls. 107-136.

Mannfjöldi, mannaflí og tekjur. Þróun mannfjölda 1703-1980. Framreikningur mannfjölda 1980-2020. Þróun mannafla 1910-1979. Þróun tekna 1970-1978. Framkvæmdastofnun ríkisins. Áætlanadeild. Útgáfustað vantar, 1981.

Norðri 1906.

Norðurland 1906.

Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*. II. bindi. Kaupmannahöfn, 1888.

Ólympíuförin 1912. Ákvæði um afreksmerki Íþróttasambands Íslands og fleira. Reykjavík, 1919.

Reykjavík 1910.

Sigurður Á. Friðþjófsson, *Íþróttir í Reykjavík*. Reykjavík, 1994.

Sigurður Skúlason, „Þættir úr sögu Vals.“ *Valur 25 ára 1911-11. maí- 1936*. Reykjavík, 1936, bls. 8-12.

Valsblaðið. Félagsblað Knattspyrnufélagsins Valur 1941.

Vikingur 50 ára. Ritstjóri Axel Einarsson. Reykjavík, 1958.

Þjóðólfur 1857.

Þorsteinn Einarsson, *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga sem stofnuð voru 1854-1994 og upplýsingar um samtök þeirra*. Reykjavík, 1997.

Þorsteinn Jónsson, „Fyrir 40 árum.“ *Afmælisblað Knattspyrnufélags Reykjavíkur 1899-1939*. [Reykjavík], [1939], bls. 4.

